

RAMMASAMNINGUR

um meðferð við húðsjúkdómum milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sérstakra starfsstöðva sem viðurkenndar eru af SÍ.

1. gr. GILDISSVIÐ

Rammasamningur þessi gildir um UVB ljósameðferð og PUVA-meðferð á sérstökum sjálfstætt starfandi starfsstöðvum sem viðurkenndar eru af SÍ (hér eftir nefndur þjónustuaðili) og veitt er skv. beiðni læknis og undir eftirliti húðsjúkdómalæknis. Hann tekur til einstaklinga sem eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

2. gr. AÐILD

Þjónustuaðilar sem veitt hafa meðferð við húðsjúkdómum í nóvember 2014 skv. rammasamningi dags. 24. september 2007 verða sjálfkrafa aðilar að samningi þessum.

Vilji þjónustuaðili sem starfað hefur skv. ofangreindum samningi ekki starfa skv. samningi þessum skal hann tilkynna það til SÍ fyrir 20. janúar 2015.

Þjónustuaðilar sem uppfylla skilyrði aðildar og vilja gerast aðilar að samningi þessum skulu sækja um það til SÍ, sjá umsóknareyðublað sem er fylgiskjal I. Gögn sem fylgja þarf umsókninni koma fram á umsóknareyðublaðinu. SÍ geta heimilað þjónustuaðilum sem sækja um á fullnægjandi hátt fyrir 1. apríl ár hvert að hefja starfsemi þann 1. janúar næsta ár, enda fáist fjárveitingar fyrir slíkum þjónustukaupum.

Samningur telst kominn á þegar fyrir liggur skriflegt samþykki SÍ með tilgreindum upphafstíma aðildar.

3. gr. ÞJÓNUSTUKRÖFUR

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af heilbrigðisstarfsfólki með næga kunnáttu til starfans, undir eftirliti húðsjúkdómalæknis. Þjónustuaðili ábyrgist faglega hæfni starfsfólks síns, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð.

Starfsfólk þjónustuaðila skal stunda góða og viðurkennda meðferð. Það skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Færsla í sjúkraskrár skal fullnægja viðmiðunarreglum.

Þjónustuaðili skal tilkynna SÍ á hvaða tíma þjónusta hans standi sjúklingum til boða.

Þjónustuaðili skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga standist sem best og geri sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi að breyta tíma.

Þjónustuaðili skal tryggja að starfsfólk gæti sérstaklega ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Þjónustuaðili skal tryggja að starfsfólk hans gæti ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum.



Þegar meðferð er lokið á sjúklingi skal senda tilvísandi lækni sjúklings skýrslu um niðurstöður eða annað sem skiptir máli.

**4. gr.
HÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐUR**

Húsnæði skal vera aðgengilegt hreyfihömluðum með góðri loftræstingu og lýsingu. Þar þarf að vera rými fyrir meðferðarklefa fyrir einstaklinga. Þar skulu vera búningsaðstaða og salerni.

Húsnæði skal uppfylla kröfur heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags.

**5. gr.
MEÐFERÐ**

Meðferð við húðsjúkdómum er fólgin í eftirfarandi:

1. Á sérstökum starfsstöðvum undir eftirliti lækna.
 - a. B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla.
2. Á sérstökum starfsstöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðis-yfirvalda á því að meðferð sé veitt með ljóstækjum með stillanlegu geislamagni, undir sérstöku eftirliti sérfræðinga í húðsjúkdómum.
 - a. B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla.
 - b. PUVA meðferð.

**6. gr.
ÞÓKNUN**

Hámarksþóknun fyrir meðferð skal frá 1. janúar 2015 vera samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

1. B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla. 1.800 kr.
2. B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla,
tvenns konar tæki sama daginn 2.700 kr.
3. PUVA meðferð 5.750 kr.

Sí áskilja sér rétt til að semja um magnafslátt við einstaka þjónustuaðila með umfangsmikla þjónustu. Gengið skal frá slíkum afslætti með sérstöku skriflegu samkomulagi.

**7. gr.
GREIÐSLUPÁTTAKA SÍ**

Sí greiða fyrir meðferð sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt 6. gr. að frádregnum hluta sjúklings, sbr. 8. gr.

61

**8. gr.
GREIÐSLUR SJÚKRATRYGGÐRA**

Hlutur sjúklings í kostnaði við meðferð fer eftir reglugerð nr. 208/2014, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum um styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af örðum en læknum. Þeim hluta greiðslu sem SÍ skulu greiða, skal þjónustuaðili aldrei veita viðtöku úr hendi hins tryggða.

Þjónustuaðili skal láta gildandi reglur um greiðsluhluta sjúklings liggja frammi til upplýsinga fyrir sjúklinga.

**9. gr.
GREIÐSLUTILHÖGUN**

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk fór fram, hver vann verkið, hvar þjónustan var veitt, gjaldskrárliður, einingafjöldi og greiðsluhlutur sjúkratryggðs.

Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn og fá afrit hans. Þjónustuaðili varðveitir frumrit reikninga með staðfestingu sjúklings með öruggum og aðgengilegum hætti í samræmi við almennar bókhaldsreglur.

Stefnt skal að því að þjónustuaðili sendi reikninga til SÍ með rafrænum hætti. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt. Rafrænar upplýsingar skulu berast SÍ í síðasta lagi 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu reiknings, nema annað verði ákveðið í lögum eða reglugerð. SÍ skulu greiða inn á bankareikning viðkomandi þjónustuaðila innan 10 virkra daga frá móttöku reikningsupplýsinga, enda geri SÍ ekki athugasemdir við þær.

Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994.

**10. gr.
ÁBYRGÐ**

Þjónustuaðili skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi.

**11. gr.
UPPLÝSINGAR UM SJÚKLING**

Þjónustuaðili skal tryggja að starfsmenn skrái upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð, sbr. 2. mgr. 3. gr. Læknum SÍ skal hvenær sem er heimill aðgangur að meðferðarskrá og öðrum gögnum til staðfestingar á meðferð sjúklings.

**12. gr.
EFTIRLIT**

Eftirlit SÍ felst í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum og heimsóknum á starfsstofur ásamt upplýsingum um tímasetningu meðferða. Þjónustuveitanda er skyld

að veita heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar í samræmi við 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

**13. gr.
LOK STARFSEMI**

Einstakir þjónustuaðilar sem ekki vilja lengur starfa samkvæmt samningi þessum skulu tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

SÍ geta með mánaðar fyrirvara sagt upp samningi þessum gagnvart einstökum þjónustuaðila sem SÍ telja hafa brotið skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Sé um stórfellt brot að ræða getur uppsögn verið fyrirvaralaus.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur þjónustuaðila er viðurkenndur réttur SÍ til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

**14. gr.
DÓMSMÁL**


Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**15. gr.
GILDISTÍMI**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur samningur dags. 24. september 2007 úr gildi. SÍ geta sagt samningi þessum upp einhliða með sex mánaða fyrirvara og tekur uppsögn þá gildi um næstu áramót þar á eftir.

Reykjavík, 23. desember 2014

F.h. Sjúkratrygginga Íslands



Fylgiskjal I



Sjúkratryggingar Íslands

Rauðarárstíg 10

150 Reykjavík

Sími 515-0000

www.sjukratryggingar.is

Umsókn um aðild að rammasamningi um meðferð við húðsjúkdómum

1. Nafn umsækjanda/fyrirtækis	2. Kennitala
3. Heimilisfang/Aðsetur	4. Netfang

5. Er umsækjandi/fyrirtæki með starfsleyfi fyrir heilbrigðispjónustu?
6. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn: <input type="checkbox"/> Staðfesting á sjúklingatryggingu. <input type="checkbox"/> Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu. <input type="checkbox"/> Afrit af starfsleyfi heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. <input type="checkbox"/> Staðfesting landlæknis á sjálfstæðum rekstri.
7. Annað sem umsækjandi vill að komi fram:

8. Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands skv. ofangreindum samningi skal greiða inn á eftirfarandi reikning: Banki höfuðb. Reikningsnr.

9. Staður og dagsetning	10. Undirskrift umsækjanda
-------------------------	----------------------------